

Varðandi:

Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 136 — 136. mál.

Dalvík, 18. febrúar 2019.

Til efnahags- og viðskiptanefndar,

Eftirfarandi er umsögn frá Ungmennafélagi Svarfdæla (UMFS Dalvík) um frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Mikilvægi íþróttaiðkunar er óumdeild sem forvörn og til bættrar lýðheilsu og til að geta haldið úti öfluglu íþróttastarfi er góð aðstaða lykilatriði. Frekari uppbygging á aðstöðu til íþróttaiðkunar er grunnforsenda þess að efla starfsemi á landinu öllu og fjölga iðkendum. Á landsbyggðinni hafa nýframkvæmdir og endurnýjun á aðstöðu til íþróttaiðkunar setið eftir undan farin ár þar sem íþróttafélögin geta ekki keppt við fjölda iðkenda hjá stærri íþróttafélögum.


Í samfélagi sem við búum við í dag gerir fólk þær kröfur að aðstaða til íþrótt- og æskulýðsstarfsemi sé eins góð og kostur er í hverju byggðarlagi. Frumvarpið sem slíkt er því lykilforsenda í endurnýjun og nýframkvæmdum á þessu sviði og opnar á enn öflugari uppbyggingu á komandi árum.

Starf sjálfbóðaliðans hjá íþróttafélögum er vanmetið í nútíma samfélagi. Í minni íþrótt- og æskulýðsfélögum er sterk hefð fyrir sjálfbóðaliða starfsemi og munu fjármunir sem kæmu frá ríki með samþykki á umræddu frumvarpi ýta verulega undir sjálfbóðaliðastarfið. Góð aðstaða er grunnurinn að áframhaldandi starfsemi félagsins.

UMFS Dalvík lýsir því yfir ánægju með framkomið frumvarp og er það mat félagsins að það muni hafa jákvæð áhrif á íþrótt- og æskulýðsstarf á landinu öllu, sérstaklega á landsbyggðinni þar sem minna fjármagn er í umferð til uppbyggingar á mannvirkjum.

Að undansögðu vill Ungmennafélag Svarfdæla því koma á framfæri áskorun til efnahags og viðskiptanefndar Alþingis um að samþykkja frumvarp þetta og koma því áfram til Alþingis til lagasetningar sem fyrst. Teljum við að þetta sé stórt framfaraskref til að bæta lýðheilsu og styrkja forvarnarstarf til framtíðar.

F.h. stjórnar Ungmennafélags Svarfdæla, UMFS Dalvík



Kristján Ólafsson